

um frumvarp til laga um hagfræðisskýrslur um tóbaksinnflutning árið 1913.

Frumvarp það, er nefndin hefir haft til meðferðar, hefir samið millipínganefnd sú, er sett var samkvæmt ályktun Alþingis 1911 til þess, meðal annars, að rannsaka hvort tiltækilegt væri, að auka tekjur landssjóðs með einkarjetti á tóbaki. Frumvarpið hefir stjórnin lagt fyrir þingið óbreytt, eins og það kom frá millipínganefndinni og vísað um ástæður til þess, er prentað er í álitsskjölum nefndarinnar, en álit og ástæður nefndarinnar um þetta mál sjerstaklega eru prentaðar í V. kafla bls. 76—107.

Vjer höfum athugað frumvarpið og ástæður millipínganefndarinnar fyrir frumvarpinu og leyfum vjer oss að skýra háttv. þingd. frá álitu voru á þessa leið:

Af hinum ítarlegu skýrslum um aðflutt tóbak og tóbaksvörur, er prentaðar eru í álitsskjölum nefndarinnar, má sjá, að aðflutningur á þessum vörum hefir á árunum 1876—1909, þann tíma, er tollur hefir á þeim hvílt, verið nokkuð misjafn. Á þessu tímabili hefir tollurinn fjórum sinnum verið hækkaður (1889: 0,35, 1899: 0,50, 1905: 0,65, 1909: 1,00) og það virðist mega af skýrslunum ráða, að innflutningur tóbaks hafi að vísu minkað nokkuð í svip eftir hverja tollhækkun, en hafi ætíð vaxið aftur, þegar frá leið og neytendur vöndust hinu hækkaða verði, er af tollinum leiddi.

Eftir hina síðustu tollhækkun 1909, lækkaði innflutningur á tóbaki það ár um nál. 40,000 pd. en næsta ár, 1910, hækkaði hann aftur um nál. 30,000 pd. frá árinu áður. Það má því telja það nokkurn veginn ábyggilegt, að innflutningur á þessari vörutegund muni eigi minka að neinum verulegum mun undir sama tolli, og undanfarin reynsla virðist benda til þess, að hann vaxi jöfnum fetum með fjölgun fólks í landinu.

Millipínganefndin telur það sémilega víst, að tekjur af tóbakstollinum muni framvegis verða um 200,000 kr. á ári, og vjer erum að öllu leyti samdóma þeirri áætlun nefndarinnar.

Að því svo er snertir fyrirhugað einkaleyfi á innflutningi og tilbúningi tóbaksvöru og sölu hennar í landinu, þá hefir millipínganefndin eigi getað gert neinar verulega ábyggilegar áætlunir um, hvað kosta muni að koma hjer á fót nægilega stórri verksmiðju fyrir þennan iðnað. Með hliðsjón af áætlun Svía um sviplika stofnun þar í landi, hefir nefndin getið sjer þess til, að stofnfje slíkrar verksmiðju mundi verða nál. 265,000 kr.

Það virðist nú engum vafa bundið, að nokkur ár mundi þurfa til þess, að stofnsetja tóbaksiðnað í landinu og koma föstu skipulagi á framkvæmd einkarjettarins, og það virðist nær því víst, að á þeim árum mundi þetta fyrirkomulag leiða af sjer meiri gjöld en tekjur fyrir landssjóðinn. En eins og hag landssjóðs nú er varið, virðist það með öllu ótiltækilegt að ríra í svipinn þær tekjur, er hann hefir. Eins og nú er ástatt með fjárhag landsins, virðist það mest áriðandi, að benda á sem heppilegasta vegi, til þess að útvega landssjóði tekju-auka þegar í stað, en til þess eru engar líkur, að slíkur tekju-auki fáist fljótlega, þótt að því væri snúíð að undirbúa tóbaks-einkarjett í landinu.

Þótt vjer nú að vísu eigi teljum það frágangssök, að lögleiða landseinkarjett á innflutningi, tilbúningi og sölu tóbaks, ef veruleg hagsvon væri að því

fyrir landssjóð og landið í heild sinni og brýn nauðsyn bæri til. — Þar sem hjer er um að ræða munaðarvöru, en eigi nauðsynjavöru, þá teljum vjer þó alls eigi tiltækilegt, að framselja þann einkarjett einstökum manni eða fjelagi. Vjer teljum vafalaust, að slíkt einkaleyfi mundi í einstaks manns eða fjelags höndum verða til mikillar óánægju í landinu og valda mikilli misklið. Slika samninga, er gilda yrði um nokkurt árabíl, er tæplega mögulegt að gera svo úr garði, að einkaleyfishafinn eigi geti misbeitt samningnum, og það má ganga að því vísu, að landsmönnum mundi slíkt fyrirkomulag þyrnir í auga, í öllu falli fyrst um sinn, og að þeir mundu eigi sleppa neinu tækifæri til að hreifa kvörtunum og kærum yfir einkaleyfishöfunum. — Að vísu mætti gera ráð fyrir því, að atvinna mundi aukast í landinu að miklum mun, ef hjer væri stofnsettur tóbaksiðnaður, en sá atvinnu-auki mundi fyrst um sinn koma landinu að litlu liði. Sem stendur er enginn tóbaksiðnaður hjer á landi og þar af leiðandi enginn maður, að heita má, sem nokkurt handtak kann að þeim iðnaði. Það yrði því eigi fyrri en að nokkrum tíma liðnum, sem innlent verkafólk gæti fengið nokkra verulega atvinnu við þennan iðnað. Framan af yrði að reka hann með útlendri fagþekking, útlendu fje — ef einkaleyfið væri framselt — og væntanlega útlendu verkafólki.

.Vjer erum einnig samdóma meiri hluta milli-þinganeftdarinnar um það, að það sje mjög tvisýnt, að þetta einkaleyfi, þótt það væri leitt í lög og komið í framkvæmd, gæfi af sjer meiri tekjur í landssjóð, heldur en nú fást af tóbakstollinum, og teljum það því mjög sennilegt, að Alþingi og fjárhagsstjórn landsins muni í öllu falli, um nokkurt árabíl, hika við að leggja stórfje í jafn-vandsjeð fyrirtæki. Þessvegna getum vjer ekki búist við, að neinn árangur yrði af því, þó að nú þegar væri farið að safna skýrslum til undirbúnings þessu einkaleyfi. Það ætti, að vorri ætlun, að biða til þess, er líklegri horfur væru fyrir slíku einkaleyfi, en nú eru, og um innflutning tóbaks að vörumagni eru árlega ábyggilegar skýrslur í tollreikningunum. — Þótt að vísu skýrslusöfnun sú fyrir árið 1913, er frumvarpið fer fram á, eigi hafi verulegan kostnað í för með sjer, þá bakar hún þó kaupmönnum og yfirvöldum talsverðan erfiðisauka. Engin trygging er fyrir því, að þessar skýrslur verði samræmari eða ábyggilegri, en hinar núverandi verslunarskýrslur, því ekki er í frumvarpinu gert ráð fyrir neinum sjerstökum eða frekari ráðstöfunum til þess, að tryggja áreiðanleik skýrslanna. Gera má og ráð fyrir því, að þetta tóbaks-einkaleyfi eigi enn svo langt í land, að skýrslur frá árinu 1913 verði þegar þar að kemur orðnar svo gamlar, að ekkert verði með vissu á þeim byggt, og að þá þurfi að útvega nýjar skýrslur.

Vjer teljum því að svo stöddu eigi von neins árangurs af frumvarpinu, sist í þá stefnu, er mestu varðar, að útvega landssjóði fljótlega þær tekjur, er hann nauðsynlega þarf, og ráðum vjer því deildinni að fella frumvarpið.

Neðri deild Alþingis, 27. júlí 1912.

Jóh. Jóhannesson,
formaður.

Guðl. Guðmundsson,
skrifari og framsögum.

Halldór Steinsson.

Stefán Stefánsson, Eyf.

Þorleifur Jónsson.